



RÍKISREIKNINGUR 2016

Uppgjör ríkisreiknings fyrir árið 2016 hefur nú verið birt og ríkisreikningur sendur Alþingi. Helstu niðurstöður ríkisreiknings fyrir 2016 eru að tekjujöfnuður ársins var jákvæður um 294,6 ma.kr. samanborið við jákvæðan 20,0 ma.kr. tekjujöfnuð árið 2015.

Tekjuafgangur árið 2016 skýrist fyrst og fremst af stöðuleikaframlögum samkvæmt samningum við slitabú fallinna fjármála fyrirtækja, sem skiluðu nettó tekjum uppá 414,6 ma.kr.

Gjöld voru talsvert umfram heimildir fjárlaga, en í fjárukalögum voru stórhækkuð framlög vegna lífeyrisskuldbindinga vegna uppgjors á skuldbindingum vegna A-deildar LSR. Mikilvægur áfangi í átt að samræmdum lífeyrisréttindum allra landsmanna náðist með samþykkt laga nr. 127 29. desember 2016 um breytingu á lögum nr. 1 1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Ávinnsla lífeyrisréttinda breytist úr jafnri ávinnslu í aldurstengda ávinnslu og lífeyristökualdurinn er hækkaður úr 65 árum í 67 og bakábyrgð ríkisins með loforði um aukin iðgjaldaframlög hverfur. Lögin kveða á um að tryggja réttindi eldri sjóðfélaga, en breytt fyrirkomulag gildir gagnvart starfsmönnum sem hefja störf eftir 1. júní 2017.

Frumjöfnuður ríkissjóðs var jákvæður um 14,5% af vergri landsframleiðslu (VLF) á árinu 2016 á móti 3,8% árið 2015. Án stöðugleikaframlaga var frumjöfnuðurinn neikvæður um 2,7% af VLF. Á árinu 2016 var ríkissjóður með hreinan lánsfjárafgang sem nam um 3,9% af VLF, samanborið við 1,9% lánsfjárafgang árið áður. Þetta var betri niðurstaða en gert hafði verið ráð fyrir. Í fjárlögum var hreinn lánsfjárafgangur áætlaður 2,6 % af VLF en með breytingu í fjárukalögum var áætluð hrein lánsfjárförf upp á 2,7% af landsframleiðslu.

„Stöðugleiki í efnahagsumhverfinu og öflugur hagvöxtur hafa á undanförunum misserum stutt við kaupmáttaraukningu almennings og bætt afkomu ríkissjóðs. Einstaklingar, fyrirtæki og sveitarfélög hafa markviss lækkað skuldabyrði sína allt frá hrúni. Eðlilegt og ábyrgt er að nýta góðæri undanfarinna ára með afgangi á rekstri ríkissjóðs og niðurgreiðslu skulda. Með þessu móti spyrnir hið opinbera við þenslu og ofhitnun hagkerfisins á sama tíma og svigrúm er nýtt til uppbyggingar innviða og styrkingar á velferðarkerfinu,“ segir Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra um niðurstöður ríkisreiknings.

Í nýsamþykktu fjármálastefnu er kveðið á um áframhaldandi niðurgreiðslu skulda og lækkaðri vaxtabyrði ríkissjóðs. „Þannig skapast svigrúm til að takast á við ýmis aðkallandi verkefni og skuldbindingar sem skilar samfélaginu miklum ábata þegar fram í sækir,“ segir ráðherra.

„Áfram þarf að tryggja ábyrga og framsækna meðferð fjármuna ríkisins. Fjármálastefna og fjármálaáætlun eiga að byggja undir jafnvægi í efnahagslífi og stöðugleika fyrir fyrirtæki og heimili sem og hið opinbera. Þannig skapast svigrúm til umbóta og úrbóta í þjónustu fyrir almennings og styrkari stoðum er skotið undir efnahagsbatann og batnandi lífskjör,“ segir fjármála- og efnahagsráðherra.

Staðfestur með rafrænum undirritunum

Fjármála- og efnahagsráðherra, fjársýslustjóri og ríkisendurskoðandi staðfestu ríkisreikning með rafrænum undirritunum.



Reikninginn í heild sinni með þeim sundurliðunum og skýringum sem honum fylgja má finna á vef Fjársýslunnar, fjs.is